



Hafnarfjörður, 16. desember 2024

Upplýsingar til heilbrigðisstarfsfólks

Ágæti læknir

Fræðsluefnið er útbúið og því miðlað til að uppfylla kröfur lyfjafirvalda, en markmiðið er að auka öryggi og tryggja rétta notkun lyfsins.

Fræðsluefnið samanstendur af eftirfarandi þáttum:

- Leiðbeiningar um inndælingu Depotesto (testósterónúndecanóat) – Upplýsingar fyrir heilbrigðisstarfsfólk (einungis birtar á www.serlyfjaskra.is)

Fræðsluefnið fyrir Depotesto er útbúið til að auka vitund meðal heilbrigðisstarfsfólks um hættu á örsegum vegna olíulausnar í lungum og klínísk einkenni þeirra. Í fræðsluefninu eru leiðbeiningar um hvernig lágmarka á hættu á örsegum vegna olíulausnar í lungum í tengslum við gjöf Depotesto með réttri aðferð við inndælingu lyfsins í vöðva.

Aukaverkanatilkynningar

Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu til Lyfjastofnunar: www.lyfjastofnun.is eða í gegnum eyðublað (Tilkynning um aukaverkun) sem er að finna í Sögukerfinu. Aukaverkanir má einnig tilkynna til phv@dayzero.is

Þetta fræðsluefni er ætlað innkirtlalæknum, þvagfæralæknum, heimilis- og heilsugæslulæknum, kvensjúkdómalæknum, krabbameinslæknum og almennum lyflæknum. Viðtakendur eru hvattir til að láta aðra heilbrigðisstarfsmenn vita um fræðsluefnið eftir því sem við á.

Hægt er að sækja fræðsluefnið á vefslóðina www.serlyfjaskra.is og prenta það, eða óska eftir að fá það sent frá phv@dayzero.is.

Virðingafyllst,

Torfi Rafn Halldórsson

Framkvæmdastjóri

Williams & Halls ehf.